

MINNISBLAÐ

Til: Samninganefndar um Icesave samningana.

Frá: LEX / Eiríkur Elís Þorláksson hrl. og Helgi Jóhannesson hrl.

Dags: 15. júlí 2009

Efni: Sjónarmið um forgangskröfur í þrotabú samkvæmt gildandi íslenskum lögum.

I.

Þetta stutta minnisblað hefur verið unnið að ósk íslensku samninganefndarinnar í deilunni um Icesave samningana í tilefni af þeim lagalegu sjónarmiðum sem sett hafa verið fram um það hvernig útreikningi og úthlutun frá skilanevnd Landsbanka Íslands hf. („Landsbankinn“) kunni að vera háttað vegna Icesave reikninga, miðað við samning þann sem nú liggur fyrir Alþingi.

Athygli er vakin á því að efni minnisblaðs þessa viku aðeins lagareglum varðandi úthlutunarreglur forgangskrafna samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. („gjaldþrotalögin“). Minnisblaðinu er ekki ætlað að setja fram sjónarmið um málið að neinu öðru leyti, þ.á m. ekki að leggja dóm á hina svokölluðu Icesave samninga eða þá löggjöf sem lítur að innstæðutryggingum hér á landi.

II.

Í 3. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta („innstæðulögin“) segir: „*Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi. Krafa sjóðsins nýtur rétt hæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti, en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.*“

Liggur því fyrir að tryggingasjóðurinn yfirtekur hluta kröfu innstæðueiganda, að því marki sem sjóðurinn hefur greitt hana út til eigandans. Er því í raun um að ræða tvær kröfur, sem lýst verður í búið vegna einnar innstæðu, annars vegar kröfu Tryggingasjóðs innstæðueiganda fjárfesta, vegna hinnar skyldubundu tryggingar, og hins vegar eftirstöðvar kröfu kröfuhafans á hendur fjármálfyrirtækinu.

Vakin er athygli á því að í 112. gr. gjaldþrotalaganna, sem fjallar um þær kröfur sem njóta forgangs við úthlutun við gjaldþrotaskipti, eru ekki taldar upp innstæður en forgangur þeirra skv. 1. mgr. 112. gr. helgast af lögum nr. 125/2008 um heimild til

fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl. og síðar lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í lögum nr. 44/2009 er tekið fram að þegar um sé að ræða slitameðferð fjármálafyrirtækis skuli: „kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta jafnframt teljast til krafna sem njóta rétt hæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.“

Liggur því fyrir að báðar kröfurnar njóta forgangs skv. 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaganna. Því hefur hins vegar verið haldið fram að um sé að ræða mismunandi rétt hæð krafna þegar til úthlutunar kemur eftir því hver kröfuhafinn er. Þannig hefur því verið haldið fram að krafa Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gangi frammar öðrum kröfum innan forgangskröfuhópsins. Á þetta atriði hefur ekki reynt í íslenski lagaframkvæmd.

Rétt er að vekja athygli á því að í 112. gr. gjaldþrotalaga segir: „Næstar kröfum skv. 109.–111. gr. ganga að rétttri tiltölu við fjárhæð hve rrar kröfu.“ Er því síðan lýst hverjar kröfur eigi þar undir. Ekki er gerður neinn greinarmunur á tegund krafna innbyrðis, eins og er t.d. gert í 110. gr. gjaldþrotalaganna. Þá er ekki að finna ákvæði í innstæðulögum sem kveður á um að kröfur tryggingasjóðsins skuli vera rétt hærra en aðrar forgangskröfur, né heldur er fjallað um þau efni í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Báðir þeir lagatextar sem veita tryggingasjóðnum annars vegar og almennum innstæðuhöfum hins vegar forgangsrétt við úthlutun, vísa einungis til gjaldþrotalaganna, en þar er ekki gert ráð fyrir innbyrðis forgangi skv. 112. gr., heldur þvert á móti tekið fram að greiðast skuli upp í kröfurnar samkvæmt tiltölu svo sem að framan greinir. Til að unnt væri að líta svo á að sumar forgangskröfur gengju frammar öðrum þyrfti að vera til þess lagastoð eða sérstaklega um það samið milli upphaflegs forgangskröfuhafa og þess sem eignast hluta kröfu hans að sá síðarnefndi skuli njóta forgangs við úthlutunina.

EEÞ/HJ